

## Passíusálmarnir

Hallgrímur er tvímælalaust frægast trúarskáld Íslendinga og líklega hefur ekkert skáld orðið þjóðinni hjartfólgnara en hann. Frægasta verk hans eru *Passíusálmarnir* sem eru ortir út af píslasögu Krists. Þeir voru fyrst prentaðir á Hólum 1666 og hafa nú komið út yfir níutíu sinnum.

*Passíusálmur* Hallgríms Péturssonar hafa algjöra sérstöðu að því leyti að þeir hafa fylgt íslensku þjóðinni gegnum aldir. Þeir eru fimmtíu talsins og hver og einn ætlaður til flutnings á virkum degi á níuviknaföstunni eða þannig að lestri þeirra sé lokið í dymbilviku.

Hver *Passíusálmur* er ortur undir sérstökum bragarhætti og í upphafi hvers sálms er tekið fram undir hvaða lagi eigi að syngja hann. Sálmarnir eru ortir undir lagboðum sem fólk þekkti. Í hverjum sálmi er endarím og stuðlasetning en stuðlasetning hefur tíðkast í íslenskum kveðskap. Að öðru leyti er ytra form sálmanna einfalt.

*Passíusálmarnir* hafa verið fluttir í heild í Ríkisútvarpinu á föstunni allt frá árinu 1944. Fyrstur til að lesa þá varð Sigurbjörn Einarsson, síðar biskup Íslands. Oftast nær hefur einn lesari flutt alla sálmana hverju sinni. Framan af var algengara að prestar læsu, en í seinni tíð hafa ekki síður leikmenn annast flutning, rithöfundar, fræðimenn, leikarar og almennir áhugamenn, konur jafnt og karlar. Lesturinn hefst fyrsta mánudag í níuviknaföstu og honum lýkur laugardagskvöld fyrir páska. Lesið er alla virka daga, nema hvað ekki er lesið 25. mars, boðunardag Maríu, né laugardag fyrir pálmásunnudag. Enn fremur er felldur niður lestur á skírdag og föstudaginn langa.

Hér er hægt að hlusta á *Passíusálmana* lesna: <http://servefir.ruv.is/passiusalmar/>

